



Íslandssjóðir hf. – Ársuppgjör 2013

Stjórn Íslandssjóða hf. sem rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði hefur staðfest ársreikning félagsins fyrir árið 2013.

Afkoma Íslandssjóða hf. árið 2013

- Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Íslandssjóða hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður Íslandssjóða hf. eftir skatta árið 2013 nam 299 m.kr. samanborið við 258 m.kr. árið 2012.
- Hreinar rekstrartekjur námu 1.350 m.kr. samanborið við 1.208 m.kr. árið áður.
- Rekstrargjöld námu 976 m.kr. samanborið við 886 m.kr. árið áður.
- Heildareignir félagsins námu 2.595 m.kr. í árslok 2013 en voru 3.006 m.kr. í ársbyrjun.
- Eigið fé í árslok 2013 nam 2.031 m.kr. en var 1.925 m.kr. í ársbyrjun.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 211,3% í árslok 2013 en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok desember 2013 voru 16 sjóðir í rekstri og slitum hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 117.725 milljónum króna. Hagnaður færður á hlutdeildarskírteini eigenda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða var 6.551 m.kr. árið 2013 samanborið við hagnað uppá 7.643 m.kr. árið 2012.
- Skipulagsbreytingar urðu hjá félaginu á árinu þegar stofnað var svið sérhæfðra fjárfestinga og þrír starfsmenn ráðnir til að sinna uppbyggingu í þeim eignaflokki. Félagið tók yfir þjónustu við Fast-1 sem er sérhæft fjárfestingarfélag í fasteignum. Einnig var stofnaður fagfjárfestasjóðurinn Akur sem fjárfestir í óskráðum hlutabréfum.
- Félagið sameinaði nokkra verðbréfasjóði á árinu. Lengri skuldabréfasjóðurinn var sameinaður Ríkisskuldabréfum - Sjóði 5 í september og Alþjóða virðissjóðurinn og Alþjóða vaxtarsjóðurinn voru sameinaðir Heimssafni – Sjóði 12 í desember. Einnig var sjóði sem skráður var í Lúxemborg slitid í nóvember.
- Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af Deloitte hf. sem telur að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2013.
- Í lok desember 2013 störfuðu 18 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	2013	2012
Hreinar rekstrartekjur	1.350	1.208
Rekstrargjöld	976	886
Hagnaður fyrir skatta	374	322
Hagnaður eftir skatta	299	258
Eigið fé 31.12.	2.031	1.925



Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrir árið 2013

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2013 nam 3.779 m.kr., samanborið við 6.595 m.kr. hagnað árið 2012.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða í árslok 2013 nam 99.018 m.kr. samanborið við 104.057 m.kr. árið 2012.

Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) ársins	796	105	617	97
Hrein eign í árslok	35.113	525	38.346	993

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) ársins	639	211	68	25
Hrein eign í árslok	15.781	3.893	971	731

	Lengri skuldabréfa- sjóðurinn	Alþjóða virðissjóðurinn	Alþjóða vaxtarsjóðurinn
Hagnaður (tap) ársins	69	17	3
Hrein eign í árslok	0	0	0

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) ársins	347	537	87	161	3.779
Hrein eign í árslok	874	1.353	153	285	99.018

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrir árið 2013

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2013 nam 2.772 m.kr. samanborið við 1.048 m.kr. hagnað árið 2012.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða í árslok 2013 nam 18.707 m.kr. samanborið við 10.088 m.kr. árið 2012.

Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	IS Hlutabréfa- sjóðurinn	Skuldabréfasafn	Fyrirtækja- sjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) ársins	76	2.582	117	-3	2.772
Hrein eign í árslok	4.470	9.702	4.524	11	18.707

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi 2 og hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, einnig á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is frá og með 17. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar um ársreikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, í síma 440 4593.